

**153. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,  
2. febrúar 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2008156 - Leikskóli Skógarhverfi - hönnun og samningar**

Kynning á stöðu hönnunar og framvindu í fyrirhugaðri byggingu nýs leikskóla í Skógahverfi.

*Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í leikskóla, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskóla, Ingunn Ríkhardsdóttir leikskólastjóri, Ingunn Sveinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss sitja fundinn undir þessum lið.*

*Jón Ólafur Ólafsson arkitekt kynnti stöðu hönnunar og framvindu byggingu nýs leikskóla.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar Jóni Ólafi fyrir góða kynningu.*

*Ingunn R., Ingunn S., Alfreð og Jón Ólafur víkja af fundi.*

**2. 2101138 - Sumarleyfi leikskólanna 2021**

Fjallað um sumaropnun leikskólanna á Akranesi 2021

*Áheyrnarfulltrúar sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð leggur til að sumarleyfi leikskólanna sumarið 2021 verði fjórar vikur. Óskað er eftir því að leikskólastjórar leggi fram tillögu að lokunartíma eftir framkvæmd skoðanakönnunar meðal foreldra og að höfðu samráði við starfsmenn leikskólans.*

**3. 2002322 - Námsleyfi í leikskólum**

Í samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir fjármagni til þess að úthluta til leikskóla sem hafa starfsmenn innan sinna raða sem stunda nám í leikskólafræðum samhliða vinnu.

*Áheyrnarfulltrúar sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir tillöguna og vísar afgreiðslu í bæjarráð.*

**4. 2101286 - Innritun í leikskóla 2021**

Í mars nk. fer fram innritun barna í leikskólana á Akranesi.

*Áheyrnarfulltrúar sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að börn fædd í janúar til og með maí 2020 fái tilboð um leikskóladvöl frá haustinu 2021.*

*Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi.*

#### **5. 2101213 - Gjaldtaka af eldri borgurum og öryrkjum - mótmæli**

Erindi frá FEBAN

*Skóla- og frístundaráð þakkar FEBAN erindið en tekur undir bókun bæjarráðs frá 28. janúar 2021.*

*Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.*

*Sign (BD, RBS, SMS, FES og VJ).*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**